

| Nr   | Að hve miklu leyti á eftirfarandi við?   | Vægi | Engu leyti / 0  | Litlu leyti / 1  | Einhverju leyti / 2  | Miklu leyti / 3   | Öllu leyti / 4  |
|------|--|------|---|--|--|---|---|
| 1    | Lýsing á verkefninu er skýr og skilmerkileg, rökstuðningur góður og markmið og afurð verkefnisins ljós.  | 10%  | Lýsing á verkefninu og rökstuðningur eru ófullnægjandi, markmið og afurð óljós. | Lýsingu á verkefninu og rökstuðningi er ábótavant. Markmið illa skilgreind.  | Lýsing á verkefninu og rökstuðningur eru ásættanleg og markmið skilgreind.   | Lýsing á verkefninu og rökstuðningur eru nokkuð góð. Markmið og afurð nokkuð ljós.                                    | Lýsing á verkefninu er skýr og skilmerkileg, rökstuðningur góður og markmið og afurð verkefnisins ljós.   |
| 2    | Verk- og tímaáætlun er mjög skýr, vel ígrunduð, sundurliðuð og trúverðug. Vörður eru vel skilgreindar.   | 10%  | Verk- og tímaáætlun er ófullnægjandi. Upplýsingar vantar.                       | Verk- og tímaáætlun er ótrúverðug og ólíklegt að verkefnið klárst samkvæmt áætlun.                                 | Verk- og tímaáætlun er ásættanleg, en mætti vera skýrari og betur unnin. Tekur ekki á áskorunum sem geta komið upp.            | Verk- og tímaáætlun er skýr og ígrunduð og horft er til helstu áskorana sem geta komið upp.                           | Verk- og tímaáætlun er mjög skýr, vel ígrunduð, sundurliðuð og trúverðug. Vörður eru vel skilgreindar.  |
| 3    | Kostnaðaráætlun er skýr, vel sundurliðuð og trúverðug. Fjármögnun er líkleg til að ganga eftir.  | 10%  | Kostnaðaráætlun og/eða fjármögnun er ófullnægjandi. Upplýsingar vantar.         | Kostnaðaráætlun og/eða fjármögnun er ótrúverðug og ólíkleg til að standast.  | Kostnaðaráætlun og áætlun um fjármögnun eru ásættanlegar en mættu vera betur unnar.  | Kostnaðaráætlun er nokkuð skýr og fjármögnun trúverðug.   | Kostnaðaráætlun er skýr, vel sundurliðuð og trúverðug. Fjármögnun er líkleg til að ganga eftir.   |
| 4    | Verkefnið styður mjög vel við markmið sóknaráætlunar og áherslur sjóðsins.   | 10%  | Verkefnið fellur ekki að markmiðum sóknaráætlunar eða áherslur sjóðsins.        | Óljóst hvernig verkefnið styður við markmið sóknaráætlunar og áherslur sjóðsins.                                   | Verkefnið styður að nokkru leyti við markmið sóknaráætlunar og áherslur sjóðsins.  | Verkefnið styður vel við markmið sóknaráætlunar og áherslur sjóðsins.   | Verkefnið styður mjög vel við markmið sóknaráætlunar og áherslur sjóðsins.  |
| 5    | Miklar líkur eru á jákvæðum samfélagslegum áhrifum/virði af verkefninu sem umsókn gerir sannfærandi grein fyrir.   | 10%  | Jákvæð samfélagsleg áhrif af verkefninu eru engin eða óveruleg.                 | Litlar líkur eru á jákvæðum samfélagslegum áhrifum af verkefninu.  | Einhverjar líkur eru á jákvæðum samfélagslegum áhrifum og ávinningi af verkefninu sem gert er grein fyrir í umsókn.            | Líkur á jákvæðum samfélagslegum áhrifum af verkefninu sem umsókn dregur fram á trúverðugan hátt.                      | Miklar líkur eru á jákvæðum samfélagslegum áhrifum/virði af verkefninu sem umsókn gerir sannfærandi grein fyrir.  |
| 6    | Afurð verkefnis er skýr, árangursmælikvarðar vel skilgreindir og miklar líkur á að verkefnið ná þeim árangri sem stefnt er að.   | 10%  | Afurð verkefnisins er óljós og mælikvarðar ekki skilgreindir.                   | Afurð verkefnisins er ótrúverðug og/eða bætir litlu við það sem fyrir er á svæðinu. Mælikvarðar lítt skilgreindir. | Mælikvarðar eru ásættanlegir og mögulegt að verkefnið skili nokkrum árangri. Grundvöllur verkefnis að mestu leyti trúverðugur. | Afurð verkefnis er skýr, mælikvarðar vel skilgreindir og líkur á góðum árangri.                                       | Afurð verkefnis er skýr, mælikvarðar vel skilgreindir og miklar líkur á að verkefnið ná þeim árangri sem stefnt er að.  |
| 7a*  | Mikið nýnæmi felst í verkefninu. Þróun á áður óþekktum aðferðum, vörum eða þjónustu. Mætir nýrri eða áður óleystri þörf á landsvísi.   | 10%  | Ekkert nýnæmi felst í verkefninu. Vara eða þjónusta þekkt í nærumhverfi.        | Afar lítið nýnæmi felst í verkefninu. Minni háttar viðbót við það sem fyrir er í nærumhverfi.                      | Nokkurt nýnæmi felst í verkefninu, einkum ef horft er til nærumhverfis.  | Verulegt nýnæmi felst í verkefninu. Mætir nýrri eða áður óleystri þörf á svæðinu eða í landshlutanum.                 | Mikið nýnæmi felst í verkefninu. Þróun á áður óþekktum aðferðum, vörum eða þjónustu. Mætir nýrri eða áður óleystri þörf á landsvísi.  |
| 7m*  | Mikið nýnæmi felst í verkefninu. Nýtt verkefni/frumsköpun sem hefur mjög jákvæð áhrif á menningarlíf svæðisins.  | 10%  | Ekkert nýnæmi felst í verkefninu.   | Afar lítið nýnæmi felst í verkefninu.  | Nokkurt nýnæmi felst í verkefninu, einkum ef horft er til nærumhverfis.  | Verkefnið felur í sér frumsköpun að hluta, töluvert nýnæmi fyrir svæðið og/eða mikið svæðisbundið nýnæmi.             | Mikið nýnæmi felst í verkefninu. Nýtt verkefni/frumsköpun sem hefur mjög jákvæð áhrif á menningarlíf svæðisins.   |
| 8    | Hlutverk samstarfsaðila er vel skilgreint og mjög líklegt til að hafa jákvæð áhrif. Verkefnið stuðlar að mikilvægum tengslum sem leitt geta til ávinnings fyrir alla aðila.            | 10%  | Samstarf er ekki fyrir hendi í verkefninu.                                      | Samstarf er óverulegt og lítt skilgreint.  | Samstarf er lítleiga skilgreint og kann að hafa jákvæð áhrif.  | Hlutverk samstarfsaðila er vel skilgreint og verkefnið er líklegt til þess að skapa tengsl og jákvæð samlegðar áhrif. | Hlutverk samstarfsaðila er vel skilgreint og mjög líklegt til að hafa jákvæð áhrif. Verkefnið stuðlar að mikilvægum tengslum sem leitt geta til ávinnings fyrir alla aðila. |
| 9    | Umhverfisáherslur eru vel skilgreindar og miklar líkur á jákvæðum umhverfislegum áhrifum sé horft til vitundarvakningar, viðhorfs, vitneskju og/eða mælanlegs umhverfislegs ávinnings. | 10%  | Engar umhverfisáherslur eru sýnilegar í verkefninu.                             | Umhverfislegar áherslur eru lítt skilgreindar og áhrif óljós.  | Umhverfisáherslur eru skilgreindar og möguleiki á jákvæðum áhrifum, einkum ef horft er til nærumhverfis.                       | Umhverfisáherslur eru vel skilgreindar og jákvæð umhverfisleg áhrif líkleg sé horft til svæðisins/landshlutans.       | Umhverfisáherslur eru vel skilgreindar og miklar líkur á jákvæðum umhverfislegum áhrifum á landsvísi.   |
| 10a* | Atvinnusköpun til lengri tíma, miklar líkur á fjölgun starfa, aukinni fagmennsku og fjölbreytni í störfum fylgir verkefninu.   | 10%  | Óljóst hvernig verkefnið er atvinnskapandi eða stuðli að aukinni fagmennsku.    | Lítill atvinnusköpun fylgir verkefninu og takmarkaðar líkur á afleiddum áhrifum nema tímabundið.                   | Verkefnið skapar einhver tímabundin störf og nokkrar líkur á afleiddum áhrifum.  | Líkur eru á atvinnusköpun til lengri tíma og töluverðum afleiddum áhrifum; aukinni fjölbreytni og fagmennsku.         | Atvinnusköpun til lengri tíma, miklar líkur á fjölgun starfa, aukinni fagmennsku og fjölbreytni í störfum fylgir verkefninu.  |
| 10m* | Verkefnið hefur mikil áhrif á listrænt/menningarlegt gildi svæðisins.  | 10%  | Verkefnið hefur engin áhrif á listrænt/menningarlegt gildi svæðisins.           | Verkefnið hefur óljós áhrif á listrænt/menningarlegt gildi svæðisins.  | Verkefnið kann að hafa nokkur jákvæð áhrif á listrænt/menningarlegt gildi svæðisins, einkum ef horft er til nærumhverfis.      | Líkur eru á jákvæðum áhrifum af verkefninu á listrænt/menningarlegt gildi svæðisins.                                  | Verkefnið hefur mikil áhrif á listrænt/menningarlegt gildi svæðisins.   |

a\* Á við um atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

m\* Á við um menningarverkefni

Ef umsókn fær 0 stig fyrir einhver af þremur fyrstu liðunum (rauðmerkir) telst hún sjálfkrafa ófullnægjandi

## Heildarmat

| F  | C   | B   | A  |
|--|---|---|--|
| Verkefni er ekki innan starfssviðs sjóðsins. Umsókn stangast á við reglur sjóðsins og/eða uppfyllir ekki lágmarkskröfur; sjá matsblað og verklagsreglur. | Litlar líkur eru á að verkefnið ná fram að ganga. Áætlanir og verklýsing í umsókn eru óskýrar og/eða ótrúverðugar. Bakgrunnur umsækjanda gefur ekki til kynna að verkefnið verði framkvæmt á fullnægjandi hátt. | Líkur eru á að verkefnið ná fram að ganga í samræmi við áætlanir. Góð umsókn með litla veikleika. Bakgrunnur umsækjanda gefur til kynna að verkefnið verði framkvæmt á fullnægjandi hátt. | Miklar líkur eru á að verkefnið ná fram að ganga. Áætlanir og verklýsing í umsókn eru skýrar og trúverðugar. Bakgrunnur umsækjanda bendir eindregið til þess að verkefnið muni ganga mjög vel. |